

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. 31/2000
frá 31. mars 2000

um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) IV. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 168/1999 frá 26. nóvember 1999⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun ráðsins 1999/280/EB frá 22. apríl 1999 um málsmeðferð við upplýsingar og samráð um kostnað við hráolíubirgðir og um neysluverð á jarðolíuafurðum í bandalaginu⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/566/EB frá 26. júlí 1999 um framkvæmd ákvörðunar ráðsins 1999/280/EB um málsmeðferð við upplýsingar og samráð um kostnað við hráolíubirgðir og um neysluverð á jarðolíuafurðum í bandalaginu⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 4) Ákvörðun ráðsins 1999/280/EB frá 22. apríl 1999 fellir úr gildi tilskipun ráðsins 76/491/EBE frá 4. maí 1976 um málsmeðferð við upplýsingar og samráð um kostnað við hráolíubirgðir og um neysluverð á jarðolíuafurðum í bandalaginu, sem er hluti af EES-samningnum og því ber að fella hana brott úr honum.
- 5) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/566/EB fellir úr gildi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 77/190/EBE frá 26. janúar 1977 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 76/491/EBE um starfshætti bandalagsins varðandi upplýsingamiðlun og samráð um verð hráolíu- og jarðolíuvara í bandalaginu, sem er hluti af EES-samningnum og því ber að fella hana brott úr honum.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

⁽¹⁾ Hefur enn ekki verið birt.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 110, 28.4.1999, bls. 8.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 216, 14.8.1999, bls. 8.

1. gr.

Eftirfarandi komi í stað textans í 3. lið (tilskipun ráðsins 76/491/EBE) í IV. viðauka við samninginn:

„**399 D 0280:** Ákvörðun ráðsins 1999/280/EB frá 22. apríl 1999 um málsmeðferð við upplýsingar og samráð um kostnað við hráolíubirgðir og um neysluverð á jarðolíufurðum í bandalaginu (Stjtið. EB L 110, 28.4.1999, bls. 8).“

2. gr.

1. Eftirfarandi komi í stað textans í lið 3a (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 77/190/EBE) í IV. viðauka við samninginn:

„**399 D 0566:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/566/EB frá 26. júlí 1999 um framkvæmd ákvörðunar ráðsins 1999/280/EB um málsmeðferð við upplýsingar og samráð um kostnað við hráolíubirgðir og um neysluverð á jarðolíufurðum í bandalaginu (Stjtið. EB L 216, 14.8.1999, bls. 8).“

2. Fella ber úr gildi 1. viðbæti við IV. viðauka við samninginn.

3. gr.

Texti ákvörðunar ráðsins 1999/280/EB og ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 1999/566/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi þann 1. apríl 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði tilgreind.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi*
Evrópubandalaganna.

Gjört í Brussel 31. mars 2000.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

F. Barbaso

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner